

# Fræðslutilboð fyrir frístundastarf



Námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsfólk í frístundastarfi,  
til dæmis hægt að fá á starfsdaga eða starfsmannafundi



## Frístundir fyrir alla

Leiðir til að efla fjölmennarlega starfshætti á vettvangi frítímans.

Í þessari fræðslu er rætt um mikilvægi þess að efla og styrkja frístundavettvanginn til að vinna út frá fjölmennarlegum áherslum. Ræddar eru þær áskoranir sem starfsstöðvar standa frammi fyrir, hvaða leiðir er hægt að fara til að efla þátttöku og leiðir til betra foreldrasamstarfs.

**Leiðbeinandi:** Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS.

**Tímalengd:** 2 klst. eða samningsatriði.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is](mailto:dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is)

## Fjölmennung er fjársjóður

Í þessari fræðslu er lögð áhersla á að vinna gegn ríkjandi staðalímyndum, hvernig er hægt að vinna gegn fordómum og leiðir til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til ólíkra einstaklinga.

**Leiðbeinandi:** Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiður Miðju máls og læsis.

**Tímalengd:** 2 klst. eða samningsatriði.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is](mailto:dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is)

## Við erum öll ólík, við erum öll eins

Á skóla- og frístundasviði vinna hátt í þúsund starfsmenn með annað móðurmál en íslensku. Í þessari fræðslu verður rætt um mikilvægi þess að stuðla að góðum starfsanda, leiðir til að vinna með fjölbreyttan starfsmannahóp og hvernig við eflum þann mannauð sem býr í fjölmennunni.

**Leiðbeinandi:** Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS.

**Tímalengd:** 2 klst. eða samningsatriði.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is](mailto:dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is)

## Innra mat

Unnið með starfsmannahópnum að því að greina stöðu innra mats á starfsstað, kynna leiðir og á hvern hátt má nýta umbótaáætlanir.

**Leiðbeinandi:** Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS.

**Tímalengd:** 1 klst.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [sigrun.sveinbjornsdottir@reykjavik.is](mailto:sigrun.sveinbjornsdottir@reykjavik.is)

## Einföld spænska

Einföld spænska með börnum – hvernig er hægt að kenna börnum einfalda spænsku, jafnvel án þess að kunna mikið sjálfur.

**Leiðbeinandi:** Harpa Rut Hilmarsdóttir verkefnastjóri barnamenningar.

**Tímalengd:** 1 klst.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [harpa.rut.hilmarsdottir@reykjavik.is](mailto:harpa.rut.hilmarsdottir@reykjavik.is)



## UngRÚV

Samstarf UngRÚV og unglínganna í borginni.

**Leiðbeinandi:** Hafsteinn Vilhelmsson dagskrárstjóri UngRÚV og Harpa Rut Hilmarsdóttir verkefnastjóri barnamenningar.

**Tímalengd:** 1 klst.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [harpa.rut.hilmarsdottir@reykjavik.is](mailto:harpa.rut.hilmarsdottir@reykjavik.is)

## Menningarstofnanir, hvað er í boði ?

Farið yfir hvað er á dagskrá fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hjá menningar- og fræðslustofnunum í borginni.

**Leiðbeinandi:** Harpa Rut Hilmarsdóttir verkefnastjóri barnamenningar og einhver snjall frá menningarstofnunum.

**Tímalengd:** 1 klst.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [harpa.rut.hilmarsdottir@reykjavik.is](mailto:harpa.rut.hilmarsdottir@reykjavik.is)

## Spáð í lýðræði

Lýðræði birtist á fjölbreyttan hátt í frístundastarfi og það er mikilvægt að starfsfólk þekki lýðræðishugtakið og hvað felst í því að vinna í anda lýðræðis í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Fjallað verður um lýðræðishugtakið, kynntar leiðir til að greina stöðu lýðræðisvinnu á starfsstaðnum og hvar sóknarfærin liggja helst. Áhersla er lögð á samræður og verkefnavinnu.

**Leiðbeinandi:** Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS.

**Tímalengd:** 1 klst.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [hulda.valdis.valdimarsdottir@reykjavik.is](mailto:hulda.valdis.valdimarsdottir@reykjavik.is)

## Frístundalæsi

Fjölbreytt tækifæri felast á frístundaheimilum til eflingar máls og læsis barna. Í þessari fræðslu verður Frístundalæsi kynnt og fjallað um mismunandi leiðir til eflingar læsis í víðum skilningi í gegnum leik. Meðal annars verða kynnt 10 einföld skref, uppbyggileg smáforrit og hugmyndir sem hægt er að framkvæma í almennu starfi og klúbbastarfi. Fræðslan byggir á gangvirkni og áhersla verður lögð á hagnýta miðlun efnisins, umræður og notkun smáforrita.

**Markhópur:** Starfsfólk frístundaheimila

**Leiðbeinandi:** Tinna Björk Helgadóttir og Fatou N'dure Baboudóttir

**Tímalengd:** 2 klst. eða samningsatriði

**Ósk um fræðslu sendist á:** [fristundalaesi@gmail.com](mailto:fristundalaesi@gmail.com)

## Viðhorf og samskipti í fjölbreyttum barna- og foreldrahópi

Hér verður sjónum beint að þeim þáttum sem skipta máli í samskiptum starfsfólks og fjölbreyttra barna/ fjölskyldna. Fjallað verður um mikilvægi þess að hver og einn skoði sín eigin viðhorf og sýn og leiti leiða til að auka færni í samskiptum þvert á menningu og tungumál.

**Leiðbeinandi:** Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála

**Tímalengd:** 1-4 klst. (fyrirlestur eða námskeið með verkefnum).

**Ósk um fræðslu sendist á:** [frida.bjarney.jonsdottir@reykjavik.is](mailto:frida.bjarney.jonsdottir@reykjavik.is)



## Látum draumana rætast. Menntastefnan og frístundastarf

Fjallað er um menntastefnu Reykjavíkur „látum draumana rætast“, helstu áherslur hennar og vörður í innleiðingarferlinu. Skoðað verður hvernig vinna má að innleiðingu stefnunnar í frístundastarfinu m.a. í gegnum þróunar- og nýbreytniverkefni. Þá verður rætt sérstaklega um mikilvægi samstarfs og þróun lærdómssamfélagsins innan sem utan starfsstaðarins og mikilvægi þess í að gera gott starf enn betra.

**Leiðbeinandi:** Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála

**Tímalengd:** 1-2 klst. (fyrirlestur og umræður)

**Ósk um fræðslu sendist á:** [frida.bjarney.jonsdottir@reykjavik.is](mailto:frida.bjarney.jonsdottir@reykjavik.is)

## Styrkir og alþjóðastarf

Í þessari fræðslu er farið yfir helstu tækifæri sem standa starfsstöðum til boða þegar kemur að fjármögnun og framkvæmd á alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Farið er yfir meginatriði sem tengjast vinnslu umsókna í alþjóðlega samkeppnissjóði eins og Erasmus+ og Nordplus ásamt því að farið er yfir hvernig hægt er að nýta stéttarfélagssstyrki á hnitmiðaðan hátt til að afla þekkingar sem nýtist við innleiðingu menntastefnunnar. Boðið er upp á áframhaldandi ráðgjöf og stuðning til þeirra starfsstaða sem hafa áhuga á að skipuleggja og framkvæma verkefni.

**Leiðbeinandi:** Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja

**Tímalengd:** 1 klst.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [hjortur.agustsson@reykjavik.is](mailto:hjortur.agustsson@reykjavik.is)

## Barnasáttmálinn á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum

Fræðslan er ætluð öllu starfsfólki frístundaheimila og félagsmiðstöðva og samanstendur af fyrirlestri, og umræðum. Megininntak fræðslunnar er:

- Barnasáttmálinn í frístundastarfi
- Inntak Barnasáttmálans
- Það sem er barninu fyrir bestu
- Réttindi og agi
- Tilkynningaskyldan
- Menntastefna Reykjavíkurborgar og barnasáttmálinn
- Fullorðnir sem fyrirmynd og starfsandi

**Leiðbeinandi:** Gísli Ólafsson, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu.

**Tímalengd:** 1,5 klst.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [gisli.olafsson@reykjavik.is](mailto:gisli.olafsson@reykjavik.is)

## Námskeið á vegum Miðju máls og læsis

### Mál er máttur

Grunnfræðsla um málþroska og læsi og hvernig það tengist verkefnum frístundaheimila/félagsmiðstöðva og læsis í daglegu starfi. Skoðað hvernig málþroskavandi birtist hjá börnum í leik og starfi

**Leiðbeinandi:** Ráðgjafar Miðju máls og læsis.

**Tímalengd:** 60- 90 mínútur

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

### Hvernig á að lesa fyrir börn?

Samræðulestur, árangursrík leið í lestri fyrir börn.

**Leiðbeinandi:** Ráðgjafar Miðju máls og læsis.

**Tímalengd:** 60 mínútur

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)



## Hvað er samskiptaleiðtogi?

Hvernig eflir maður virkt samtal og samskipti barna.

**Leiðbeinandi:** Ráðgjafar Miðju máls og læsis.

**Tímalengd:** 60 mínútur

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

## Bókasmakk og bókaklúbbar

Farið í fjölbreyttar leiðir til að vekja og viðhalda áhuga barna á bóklestri.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

**Tímalengd:** 60 mínútur x tvö skipti eða 2 klst.

**Leiðbeinandi:** Ráðgjafar Miðju máls og læsis.

## Nýliðafræðsla eða fræðsla fyrir starfsfólk

Um málörvun í daglegu starfi og mikilvægi lesturs með börnum. Stuðningur við starfsfólk á vettvangi.

**Leiðbeinendur:** Ráðgjafar MML

**Tímalengd:** 60 mínútur

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

## Brú milli menningarheima

Námskeið fyrir starfsfólk frístundastarfs.

**Leiðbeinendur:** Brúarsmiðir MML

**Tímalengd:** 150 mín

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

## Læsi og umhverfi

Samskipti eru hluti af málþroska og læsi. Hvað gerir þú í starfsumhverfi þínu til að styðja við samskiptafærni barna?

**Leiðbeinendur:** Ráðgjafar MML

Fræðsla og ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

## Ég er fjöltyngdur Íslendingur!

Leiðir til að efla íslenskufærni fjöltyngdra barna. Auka orðaforða þeirra í leik og starfi á fjölbreyttan hátt.

**Leiðbeinendur:** Ráðgjafar MML

**Tímalengd:** 60 mínútur

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

## Ráðgjöf vegna þróunarstarfs eða samstarfsverkefna

Þróun samstarfs milli skóla- og frístundastarfs.

**Leiðbeinendur:** Ráðgjafar MML

Ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

## Fagmennska í samskiptum við foreldra af erlendum uppruna

Fjallað verður um hvernig best er að styðja við foreldra og efla farsæl samskipti.

**Leiðbeinendur:** Brúarsmiðir og ráðgjafar MML

**Tímalengd:** 45 mínútur

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)



## Millimenningarfræðsla fyrir starfsfólk

Fræðsla t.d. um Filippseyjar og filippseysk mál, og Pólland og pólsku, tungumál og menningu í Miðausturlöndum.

**Leiðbeinendur:** Brúarsmiðir MML

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

**Tímalengd:** 60 mínútur

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

## Há dú jú læk Æsland?

Hvernig er máluhverfi barna í frístundastarfi? Hvað er til ráða? Er enska áberandi í samskiptum?

**Leiðbeinendur:** Brúarsmiðir og ráðgjafar MML

**Tímalengd:** 60 mínútur

**Ósk um fræðslu sendist á:** [mml@reykjavik.is](mailto:mml@reykjavik.is)

## Jafnréttisskólinn

### Staðalmyndir, félagsmótun og samskipti

Þetta er grunnfræðsla um jafnrétti fyrir allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Í þessari fræðslu er rætt um áhrif félagsmótunar á kynin og hvernig staðalmyndir samfélagsins geta verið hamlandi og villandi fyrir ungt fólk. M.a. er rætt um framkomu fullorðinna við börn, skilaboð sem þau fá í gegnum leikföng, dægurmenningu og samfélagsmiðla. Líkamsvirðing, klámvæðing og samskipti eru einnig ávörpuð í þessari fræðslu.

**Leiðbeinandi:** Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

**Tímalengd:** 1,5 – 2 klst.

**Ósk um fræðslu sendist á:** [kolbrun.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is](mailto:kolbrun.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is)

### Forréttindi og mismunun

Það skiptir máli að starfsfólk sem vinnur með börnum sé ávallt meðvitað um að börn eru fjölbreyttur hópur með margvíslegar þarfir. Fjölmargir þættir hafa áhrif á stöðu barna, líðan þeirra, viðhorf og samskipti. Í þessu erindi er fjallað um forréttindi og mismunun og rætt um mikilvægi þess að vinna markvisst að því að skapa rými og aðstæður þar sem öll börn upplifa sig örugg og velkomin. Til þess að gera það vel þarf meðvitund um fjölbreytileikann og vilja til að koma til móts við hvert barn þar sem það er statt.

**Leiðbeinandi:** Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

**Tímalengd:** 1,5 klst

**Ósk um fræðslu sendist á:** [Kolbrún.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is](mailto:Kolbrún.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is)

### Óæskileg kynferðisleg hegðun barna

Í þessu erindi er fjallað um óæskilega kynferðislega hegðun barna. Í erindinu er fjallað um muninn á heilbrigðri kynferðislegri hegðun barna og þeirri hegðun sem þarfnast frekari skoðunar og viðbragða. Farið er yfir helstu einkenni og birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni og kynferðisofbeldis og leiðir til að takast á við slík atvik skoðaðar, auk þess sem helstu úrræði eru kynnt.

**Leiðbeinandi:** Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

**Tímalengd:** 1,5 klst

**Ósk um fræðslu sendist á:** [Kolbrún.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is](mailto:Kolbrún.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is)



## Klámvæðing og samskipti

Rannsóknir sýna að börn byrja ung að horfa á klám og þá strákar í mun meira mæli en stelpur. Klámáhorf gefur börnum afar skekkt mynd af samskiptum og kynlífi og því er mikilvægt að efla kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Klámvæðingin tekur sér sífellt meira pláss í almannarýminu og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir samskipti ungmenna eins og sjá má t.d. í markaleysi í samskiptum, hlutgervingu kvenlíkamans og nektarmyndum sem dreift er í leyfisleysi. Þessi fræðsla er beinskeytt og jafnvel svolítið óþægileg, en hún er mikilvæg fyrir alla þá sem starfa með ungu fólki.

**Leiðbeinandi:** Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

**Tímalengd:** 1,5 klst.

Ósk um fræðslu sendist á: [kolbrun.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is](mailto:kolbrun.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is)

## Mixtúra - margmiðlunarver

### Búnaður og þjónusta Mixtúru fyrir frístundastarf

Þjónusta og aðstaða Mixtúru ([www.mixtura.is](http://www.mixtura.is)) kynnt og unnið með valin verkfæri úr búnaðarbankanum.

**Leiðbeinendur:** Kennsluráðgjafar NýMið

**Staðsetning:** Í Mixtúru, Álfabakka 12, 2. hæð

**Tímalengd:** 60-90 mínútur

Ósk um fræðslu sendist á: [mixtura@reykjavik.is](mailto:mixtura@reykjavik.is)

## Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ)

[Hér er að finna upplýsingar um fræðslu fyrir starfsfólk um útivist og útinám á vegum MÚÚ.](#)

